

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 2012 í máli nr. E-2236/2011:

Glitnir banki hf.

(Ólafur Finnbogi Haraldsson hrl.)

gegn

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Viðar Lúðvíksson hrl.)

I

Mál þetta, sem var dómtekið 9. febrúar sl., er höfðað af Glitni banka hf., (nú Glitni hf.), Sóltúni 26, Reykjavík, á hendur Tryggingamiðstöðinni hf., Síðumúla 24, Reykjavík, með stefnu birtri 6. maí 2011.

Stefnukröfur stefnanda eru aðallega þær að viðurkennt verði að stefnda sé skylt að selja honum 36 mánaða tilkynningafrest í samræmi við greinar A3 og A4 í kafla 3 í váttryggingarskilmálum tryggingar stefnanda, sem ber heitið Directors' and Officers' Liability Insurance (frumtrygging nr. WB 103750X og aukatryggingar nr. WB 103751X og WB 103752X), með gildistíma frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009, gegn greiðslu á iðgjaldi í samræmi við grein A4 í kafla 3 í váttryggingarskilmálunum. Til vara gerir stefnandi þá kröfu að viðurkennt verði að stefnda sé skylt að selja stefnanda allt að 72 mánaða tilkynningafrest í samræmi við grein A8 í kafla 3 í váttryggingarskilmálum tryggingar stefnanda, sem ber heitið Directors' and Officers' Liability Insurance (frumtrygging nr. WB 103750X og aukatryggingar nr. WB 103751X og WB 103752X), með gildistíma frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009, gegn greiðslu á iðgjaldi í samræmi við grein A8 í kafla 3 í váttryggingarskilmálunum. Þá krefst stefnandi þess að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður.

Stefnandi keypti svokallaða stjórnendatryggingu (enska: Directors' & Officers' Liability Insurance) af stefnda árið 2008. Gildistími tryggingarinnar var frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009. Samkvæmt grein A.1 í kafla 3 váttryggingasamningsins er váttryggingartaka sjálfkrafa veittur 30 daga tilkynningafrestur án viðbótarkostnaðar

sé váttryggingin ekki endurnýjuð. Þá á váttryggður, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, rétt á að kaupa viðbótartilkynningafrest í samræmi við skilmála tryggingarinnar. Umrædd trygging var ekki endurnýjuð. Hefur stefndi neitað að selja stefnanda viðbótartilkynningafrest. Byggir hann sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi gróflega brotið gegn upplýsingaskyldu við töku tryggingarinnar, auk þess sem hann hafi ekki sýnt fram á að skilyrði slíkrar skyldu séu uppfyllt.

Að ósk stefnda tók dómurinn þá ákvörðun, hinn 6. janúar sl., samkvæmt heimild í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að skipta sakarefni málsins þannig að fyrst yrði dæmt um þann ágreining málsaðila hvort skilyrði sem sett eru í greinum III.A.3 og III.A.4 í skilmálum hinnar umdeildu stjórnendatryggingar séu uppfyllt. Kemur því ekki til skoðunar í þessum þætti málsins hvort brotið hafi verið gegn upplýsingaskyldu við töku tryggingarinnar.

Í þessum þætti málsins krefst stefnandi þess aðallega að viðurkennt verði að skilyrði greina A.3 og A.4 í III. kafla váttryggingarskilmála stefnanda sem ber heitið Directors' and Officers' Liability Insurance (frumtrygging nr. WB 103750X og aukatryggingar nr. WB 103751X og WB 103752X), með gildistíma frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009, til kaupa á 36 mánaða viðbótartilkynningafresti, séu uppfyllt. Til vara krefst hann þess, að viðurkennt verði að skilyrði greinar A.2 í III. kafla váttryggingarskilmála stefnanda, sem ber heitið Directors' and Officers' Liability Insurance (frumtrygging nr. WB 103750X og aukatryggingar nr. WB 103751X og WB 103752X), með gildistíma frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009, til kaupa á 12 mánaða viðbótarfresti séu uppfyllt.

Stefndi krefst, í þessum þætti málsins, sýknu af aðalkröfu stefnanda. Þá krefst stefndi þess að varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi ellegar að hann verði sýknaður af henni. Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II

Málavextir

Málsatvik eru nánar tiltekið þau að stefnandi keypti árið 2008 svokallaða stjórnendatryggingu (e: Directors' & Officers' Liability Insurance) af stefnda. Gildistími tryggingarinnar var frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009. Fram kemur í váttryggingarskírteinum að tryggingin nái til stefnanda, svo og dótturfélaga sem séu að minnsta kosti í helmings eigu stefnanda við upphaf tryggingarinnar eða sem stofnuð séu eftir að tryggingin tekur gildi. Samkvæmt kafla 1 í váttryggingarskilmálum tók stefndi meðal annars að sér að greiða, fyrir hönd stjórnarmanna og yfirmanna, tjón vegna óréttmætra athafna þeirra í skilningi tryggingarinnar, hvort sem er gagnvart þriðja manni eða bankanum sjálfum, svo og að greiða fyrir hönd stefnanda tjón vegna óréttmætra athafna ef bankanum væri heimilt eða skylt að halda stjórnarmönnum eða yfirmönnum skaðlausum. Var tryggingin á því byggð að eingöngu kröfur sem væru tilkynntar, í samræmi við kafla 6 í váttryggingarskilmálum, innan 30 daga frá því að tryggingin rynni úr gildi nýtu váttryggingarverndar. Þannig nýtur krafa ekki verndar þó að váttryggingaratburður hafi átt sér stað á váttryggingartíma ef tilkynning berst ekki. Hins vegar væri mögulegt að kaupa viðbótartilkynningafrest í samræmi við kafla 3

í váttryggingarskilmálum og hefur váttryggingartaki þá lengri tilkynningarfrest.

Þessi þáttur málsins varðar ákvæði III.A.3, III.A.4 (aðalkrafa) og III.A.2 (varakrafa) váttryggingarskilmálanna sem eru svohljóðandi í íslenskri þýðingu.

Ákvæði III.A.3: *Ef váttryggjandi neitar að bjóða endurnýjun skilmála og skilyrða eftir að váttryggingin rennur úr gildi skal FÉLAGIÐ og STJÓRNARMENN OG YFIRMENN eiga rétt á að kaupa 12, 24 eða 36 mánaða tilkynningarfrest að eigin vali.*

Ákvæði III.A.4: *Það er skilyrði fyrir kaupum á tilkynningarfresti að skrifleg tilkynning um kaupin berist innan 30 daga frá lokum VÁTTRYGGINGARTÍMA og skal þá greiða viðbótariðgjald eins og hér segir:*

(i) 12 mánuðir: 25 prósent af árlegu iðgjaldi skv. váttryggingarsamningi þessum

(ii) 24 mánuðir: 50 prósent af árlegu iðgjaldi skv. váttryggingarsamningi þessum

(iii) 36 mánuðir: 75 prósent af árlegu iðgjaldi skv. váttryggingarsamningi þessum

Ákvæði III.A.2: *EF FÉLAGIÐ og STJÓRNARMENN neita boði um að endurnýja váttrygginguna skulu þeir eiga rétt á að kaupa 12 mánaða tilkynningarfrest eftir að VÁTTRYGGINGATÍMA lýkur.*

Stefnandi segir að kaup hans á Directors' & Officers' váttryggingunni hafi verið liður í kaupum á heildstæðri váttryggingarvernd af stefnda. Stefnandi hafi jafnframt keypt þrjár aðrar váttryggingar sem höfðu sama gildistíma, þ.e. svokallaða Bankers' Blanket Bond tryggingu, Computer Crime tryggingu og Professional Indemnity tryggingu sem saman hafi myndað samsetta bankaváttryggingu. Þann 6. maí 2008 hafi váttryggingamiðlunin Howden Insurance Brokers Ltd. sem séð hafði um samskipti stefnda við endurtryggjendur, gefið út yfirlýsingu um hvers eðlis sú váttryggingarvernd sem stefnandi naut væri.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, þann 7. október 2008, nýtti eftirlitið sér heimild laga nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði til að skipa stefnanda skilanefnd. Skilanefndin tók við öllum heimildum stjórnar bankans samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög og var falið að fara með öll málefni bankans, þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna bankans, svo og að annast annan rekstur hans. Þann 15. sama mánaðar tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að flytja hluta af starfsemi stefnanda til nýs banka sem var í kjölfarið stofnaður með heitið Nýi Glitnir banki hf. Í ákvörðuninni fólst meðal annars að nýi bankinn tók yfir allar innstæðuskuldbindingar í bankanum á Íslandi og hluta þeirra eigna sem tengst höfðu starfsemi stefnanda hér á landi. Þann 24. nóvember 2008 veitti Héraðsdómur Reykjavíkur stefnanda heimild til greiðslustöðvunar í samræmi við beiðni skilanefndar bankans. Var sú heimild framlengd þrisvar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 skipaði

dómurinn bankanum slitastjórn þann 12. maí 2009.

Fyrir liggur að stefnandi hefur sent stefnda tilkynningar vegna tjónsatburða sem hann telur að fallið gætu undir váttryggingavernd tryggingarinnar, þá fyrstu þann 30. október 2008.

Með bréfi, dags. 19. mars 2009, sendi stefndi stefnanda bréf þar sem m.a. kemur fram sú afstaða stefnda að óljóst væri hvaða áhrif atburðarás sú sem hafi hafist í október 2008 hefði á gildi Directors' & Officers' váttrygginguna.

Þann 30. apríl 2009 sendi Páll Eiríksson hdl., f.h. stefnanda, bréf til stefnda sem er svohljóðandi í íslenskri þýðingu: *Glitni Banka hefur verið talið trú um að vafi leiki á um ábyrgðartryggingu stjórnarmanna og yfirmann af endurtryggjendum vegna skiptameðferðar bankans. Glitnir Banki telur að ábyrgðartrygging stjórnarmanna og yfirmanna sé enn í gildi þar sem engin af skilyrðum undir Samruna/yfirtöku ákvæðisins séu orðin virk, gjaldþrotaskipti eru ekki hafin og slíkar aðgerðir ólíklegar í náinni framtíð. Þar af leiðandi óskar bankinn eftir framlengingarskilmálum frá váttryggjendum til að framlengja ábyrgðartryggingu stjórnarmanna og yfirmanna næstu 12 mánuði hið minnsta. Ef endurtryggjendur geta ekki boðið upp á slíka endurnýjunarskilmála þá óskar bankinn eftir því að virkja 36 mánaða tilkynningafrestinn samkvæmt skilmálum og skilyrðum tryggingarinnar. Bankinn áskilur sér allan rétt varðandi ofangreint.*

Þóroddur Sigfússon, starfsmaður stefnda, staðfesti móttöku bréfsins með tölvupósti samdægurs. Í kjölfar þessa voru samskipti milli starfsmanna stefnanda og starfsmanns stefnda varðandi trygginguna. M.a. sendi Þóroddur stefnanda tölvubréf, 6. maí 2009, þar sem fram kemur að hann hefði haft samband við starfsmann Howden Insurance Brokers tryggingamiðlunina sem fengið hefði fyrstu viðbrögð endurtryggjenda við beiðni stefnanda um endurnýjun tryggingarinnar. Síðan segir svo: *Til þess að endurtryggjendur vilji yfir höfuð gera Glitni tilboð í endurnýjun á ábyrgðartryggingu stjórnenda þá þurfa að hans mati eftirfarandi upplýsingar að liggja fyrir: i) útfyllt og undirrituð umsókn (viðhengi. ii) ársreikingur eða aðrar upplýsingar um efnahag Glitnis (á ensku). Að lokum vil ég taka það fram að gildistími váttryggingarinnar er liðinn eins og ykkur er væntanlega kunnugt um. Ég mæli með því að þið bregðist við eins fljótt og ykkur er unnt.*

Þóroddur sendi stefnanda nokkra tölvupósta í maí og júní 2009 þar sem m.a. kom fram að hann væri að bíða eftir gögnum frá stefnanda. Með tölvupósti stefnanda til stefnda 8. júlí sama ár upplýst stefnandi að hann hefði tekið tilboði í umrædda tryggingu frá United Insurance Brokers.

Þann 9. ágúst 2010 sendi LEX lögmannsstofa bréf til stefnda þar sem hann var upplýstur um að LEX hefði verið falið að fara yfir réttarstöðu stefnanda að lögum á grundvelli þeirra váttrygginga sem stefnandi hafði keypt af stefnda. Með bréfi stefnanda, dags. 12. nóvember 2010, var formlega boðin fram greiðsla iðgjalds vegna kaupa á viðbótartilkynningafresti. Var í bréfinu bent á fram komna beiðni stefnanda um kaup á tilkynningafresti og vilja bankans til að greiða iðgjald í samræmi við váttryggingarskilmála. Í samræmi við það var óskað upplýsinga um fjárhæð iðgjaldsins og greiðslustað. Stefnandi kveður stefnda ekki enn hafa brugðist við þessari beiðni. Með bréfi stefnanda, dags. 30. desember 2010, hafnaði

stefndi því að veita staðfestingu á viðbótartilkynningafresti.

Skýrslu fyrir dóminum gáfu Páll Eiríksson og Þóroddur Sigfússon.

III

Málsástæður stefnanda

Aðalkrafa stefnanda er á því byggð að stefnda hafi borið að selja stefnanda 36 mánaða viðbótartilkynningafrest, í samræmi við beiðni stefnanda þar að lútandi, gegn greiðslu iðgjalds í samræmi við váttryggingarskilmálana. Stefnandi hafi með bréfi til stefnda, dags. 30. apríl 2009, óskað eftir endurnýjun á tryggingunni. Jafnframt hafi verið tekið fram að ef ekki yrði fallist á endurnýjun tryggingarinnar krefðist hann þess að fá keyptan 36 mánaða viðbótartilkynningafrest í samræmi við ákvæði váttryggingarskilmálanna, sbr. ákvæði A3 og A4 í kafla 3. Samkvæmt orðalagi ákvæðis sé það skýlaus réttur váttryggðs, að geta keypt eftir atvikum 12, 24 eða 36 mánaða viðbótartilkynningafrest í þeim tilvikum þegar váttryggjandi neiti að bjóða endurnýjun váttryggingar eftir að hún renni úr gildi. Jafnframt komi fram í ákvæði A4 hver skilyrði fyrir kaupum á viðbótartilkynningafresti séu, en samkvæmt ákvæðinu þurfi skrifleg tilkynning um kaupin að berast innan 30 daga frá lokum váttryggingartíma og greiðsla þurfi að hafa verið innt af hendi samkvæmt liðum (i)-(iii) sömu greinar. Það hafi verið ljóst af bréfi Páls Eiríkssonar hdl. frá 30. apríl 2009 að stefnandi ætlaði sér að nýta rétt sinn til kaupa á viðbótartilkynningafresti, ef tryggingin fengist ekki endurnýjuð. Hafi stefnda því borið skylda til þess að taka afstöðu til beiðni stefnanda um endurnýjun á tryggingunni áður en frestur til þess að kaupa viðbótartilkynningafrest hafi runnið út, sbr. ákvæði A4.

Stefnandi byggir á því að þegar ákvæði A3 og A4 séu lesin saman sé það ljóst að ákvæði A3 leggi þá skyldu á herðar váttryggjanda, stefnda í máli þessu, að taka afstöðu til fram kominnar beiðni um endurnýjun váttryggingar innan þeirra tímamarka sem tilgreind séu í ákvæði A4. Annar skýringarkostur gæti leitt til þess að stefndi drægi að taka afstöðu til fram kominnar beiðni um endurnýjun váttryggingar, allt fram til þess tíma að réttur váttryggðs til að óska eftir kaupum á viðbótartilkynningafresti sé fallinn niður. Slík skýring gangi ekki upp með tilliti til sanngirnissjónarmiða og gagnkvæmrar tillitsskyldu í samningssambandi aðilanna. Stefnandi byggir á því að tilkynning um nýtingu réttar til kaupa á viðbótartilkynningafresti, sem send hafi verið 30. apríl 2009, hafi réttaráhrif samkvæmt efni sínu þar sem stefndi hafði ekki tekið afstöðu til beiðni stefnanda um endurnýjun váttryggingarinnar innan 30 daga frá lokum váttryggingartíma. Stefnanda sé skylt að selja stefnanda 36 mánaða viðbótar- tilkynningafrest í samræmi við váttryggingarskilmálana þar sem ljóst sé að beiðni stefnanda um endurnýjun tryggingarinnar hafi í raun verið hafnað af stefnda. Stefnandi telur að skilja verði

viðbrögð stefnda, eða skort þar á, sem „neitun“ á því að bjóða endurnýjunarskilmála í skilningi greinar A3 í kafla 3 í váttryggingarskilmálum.

Hvað varðar fyrirmæli ákvæðisins um að iðgjaldið hafi verið greitt vísar stefnandi til þess að ómögulegt hafi verið að inna iðgjaldið af hendi þar sem stefndi hafi ekki staðfest rétt stefnanda til þess að kaupa umræddan frest. Enginn reikningur hafi verið sendur fyrir iðgjaldinu eða nokkrar upplýsingar veittar um fjárhæð þess. Þar sem umrædd Directors' & Officers' trygging hafi aðeins verið einn hluti hinnar samsettu bankaváttryggingar hafi stefnandi ekki verið kleift að beita reiknireglu (iii) liðar greinar A4 í kafla 3 í váttryggingarskilmálunum þar sem ekki hafi verið sundurliðað sérstaklega hvert iðgjaldið hafi verið fyrir Directors' & Officers' hluta váttryggingarinnar. Hafi verið eftir því leitað að stefndi veitti upplýsingar um fjárhæð iðgjaldsins, greiðslustað og hvert stefnandi gæti beint greiðslu svo unnt væri að inna greiðsluna af hendi, sbr. m.a. bréf lögmanns stefndanda, dags. 12. nóvember 2010.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar stefnandi til þess að samkvæmt grein A2 í kafla III eigi hann rétt á að kaupa 12 mánaða tilkynningarfrest eftir að váttryggingartíma ljúki ef hann hafi neitað boði stefnda að endurnýja váttrygginguna. Telur hann skilyrði ákvæðisins uppfyllt. Réttur samkvæmt ákvæðinu verði virkur er váttryggingartaki einfaldlega ákveði að endurnýja ekki trygginguna.

Stefndi mótmælir kröfu stefnda um að varakröfunni verði vísað frá. Telur hann varakröfuna rúmast innan aðalkröfu. Þá sé ekki um nýja málsástæðu að ræða þar sem að hún byggist á vörnum stefnda.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga og meginreglna váttryggingaréttar, þar á meðal um túlkun váttryggingasamninga. Þá vísar hann til meginreglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Um heimild til þess að höfða viðurkenningarmál er vísað til 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa hans um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda

Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnandi eigi ekki rétt á að kaupa viðbótartilkynningarfrest þar eð þau skilyrði, sem sett eru fyrir slíkum kaupum í greinum III.A.3 og III.A.4 í skilmálum stjórnendatryggingarinnar séu ekki uppfyllt.

Stefndi hafi aldrei neitað að bjóða endurnýjun á skilmálum og skilyrðum stjórnendatryggingar stefnanda, en slík neitun sé ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að réttur stofnist til handa stefnanda til að kaupa viðbótartilkynningarfrest samkvæmt ákvæðum gr. III.A.3. Er stefnandi hafi óskað eftir endurnýjun stjórnendatryggingarinnar hafi stefndi, venju og eðli máls samkvæmt, óskað eftir tilteknum upplýsingum frá stefnanda. Þannig hafi hann óskað eftir útfylltri og undirritaðri umsókn stefnanda og ársreikningi eða öðrum upplýsingum um efnahag stefnanda, sbr. tölvupóst dags. 6. maí 2009. Hinar umbeðnu upplýsingar séu nauðsynlegar, en þó ekki tæmandi, þáttur við mat váttryggjenda á hugsanlegri endurnýjun tryggingar sem þessarar. Í ljósi þeirra gríðarlegu breytinga sem höfðu

orðið á aðstæðum stefnanda hefði honum mátt vera ljóst að stefndi gæti ekki með nokkru móti tekið ákvörðun um hvort veita ætti tryggingu nema með slíkar upplýsingar undir höndum. Stefnandi hafi hins vegar aldrei sent umbeðin gögn til stefnda. Þess í stað hafi hann haldið að sér höndum og unnið í því að kaupa tryggingu annars staðar. Með tölvupósti stefnanda, dags. 8. júlí 2009, hafi hann tilkynnt stefnda fyrirvaralaust að hann hefði ákveðið að kaupa tryggingu hjá öðrum váttryggjanda. Það hafi því verið stefnandi sjálfur sem hafi ákveðið að hætta endurnýjunarferlinu.

Stefndi byggir á því að bréf stefnanda til hans, dags. 30. apríl 2009, hafi ekki falið í sér fyrirvaralausá tilkynningu um kaup á viðbótartilkynningafresti, svo sem gerð sé krafa um í skilmálum stjórnendatryggingarinnar. Þvert á móti hafi það einungis falið í sér í sér beiðni um endurnýjun, en með fyrirvara ef stefndi gæti ekki boðið upp á endurnýjun. Þetta bréf uppfylli ekki skilyrði gr. III.A.4 í skilmálunum um fyrirvaralausá beiðni um kaup á tilkynningafresti. Í bréfinu lýsi stefnandi einungis vilja sínum varðandi 36 mánaða tilkynningafrest „ef endurtryggiendur geta ekki boðið upp á slíka endurnýjunarskilmála“. Þetta skilyrði, sem stefnandi hafi sjálfur sett fyrir því að vilja yfirleitt virkja 36 mánaða tilkynningafrest, hafi ekki verið uppfyllt, en stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því.

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi aldrei greitt viðbótariðgjald fyrir viðbótartilkynningafrest, svo sem gert sé að skilyrði í gr. III.A.4 í skilmálum stjórnendatryggingarinnar fyrir kaupum á slíkum fresti og engin kaup hafi farið fram. Bendir stefndi á skyldu samningsaðila í gagnkvæmu samnings sambandi til að eiga fumlau og afdráttarlaus samskipti, þar sem ákvæðum samnings sé fylgt til hins ýtrasta og tillitsskylda aðila virt. Það hafi stefnandi ekki gert, og verði hann að bera hallann af því óskiptan. Stefnandi átti samkvæmt framangreindu skilmálaákvæði og eðli máls að greiða viðbótariðgjaldið strax. Með því að gera það ekki hafi hann tekið þá ákvörðun að hann hygðist ekki kaupa viðbótartilkynningafrest. Stefnandi geti ekki öðlast betri rétt en ella með þeirri háttsemi sinni að senda loðna beiðni til stefnda, bundna fyrirvörum, og halda síðan að sér höndum með greiðslu iðgjalds þar til í ljós komi hvort stefnandi þurfi á tryggingunni að halda.

Stefndi mótmælir sem rangri þeirri fullyrðingu stefnanda að stefnanda hafi verið „ómögulegt“ að inna greiðslu viðbótariðgjalds af hendi. Hefði stefnandi í raun viljað kaupa viðbótartilkynningafrest, og talið sig eiga rétt á því, þá hefði hann vitaskuld á sínum tíma sent stefnda afdráttarlausá tilkynningu þar um ásamt greiðslu á grundvelli gr. III.A.4 í skilmálum stjórnendatryggingarinnar. Stefnandi hafi haft tiltækar fullnægjandi upplýsingar um fjárhæð viðbótariðgjaldsins.

Stefndi mótmælir varakröfu stefnanda í þessum þætti málsins sem of seint fram kominni. Verði ekki fallist á frávísun hennar byggir stefndi á því að sýkna beri stefnda að kröfunni þar sem ekki séu uppfyllt skilyrði til þess að stefnandi fái keyptan umræddan viðbótarfrest.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu deila aðilar um hvort stefnandi eigi rétt til að kaupa viðbóartilkyningafrest af stefnda vegna stjórnendatryggingar (e: Directors' & Officers' Liability Insurance) sem stefnandi hafði hjá stefnda. Umrædd trygging var keypt í apríl 2008. Tryggingin var hluti af svokallaðri bankatryggingu, en aðrir hluta hennar voru Bankers' Blanket Bond trygging, Computer Crime trygging og Professional Indemnity trygging. Gildistími tryggingarinnar var frá 1. maí 2008 til 1. maí 2009. Áður en tryggingin rann út nýtti Fjármálaeftirlitið sér heimild í lögum nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði til að skipa stefnanda skilanevnd. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur bankanum slitastjórn þann 12. maí 2009.

Aðalkrafa stefnanda byggist á greinum A.3 og A.4 í III. kafla váttryggingarskilmála stefnda vegna umræddrar tryggingar. Í ákvæði III.A.3 er kveðið á um að ef váttryggjandi neiti að bjóða endurnýjun skilmála og skilyrða eftir að váttryggingin renni úr gildi skuli félagið, stjórnarmenn og yfirmenn eiga rétt á að kaupa 12, 24 eða 36 mánaða tilkyningafrest að eigin vali. Í ákvæði III.A.4 er það enn fremur gert að skilyrði fyrir kaupum á tilkyningafresti að skrifleg tilkyning um kaupin berist innan 30 daga frá lokum váttryggingartíma og skal váttryggingartaki þá greiða viðbótariðgjald sem reiknað er sem ákveðið hlutfall af árlegu iðgjaldi váttryggingarsamningsins. Sýknukrafa stefnda er á því reist að skilyrði framangreindra ákvæða séu ekki uppfyllt. Þannig hafi stefndi aldrei neitað að bjóða endurnýjun skilmála, stefnandi hafi ekki sent skriflega tilkyningu um kaupin og þá hafi hann ekki greitt viðbótariðgjald.

Fyrir liggur að starfsmaður stefnanda, Páll Eiríksson, sendi hinn 30. apríl 2009, stefnda bréf þar sem hann óskaði eftir tilboði í endurnýjun umræddrar tryggingar til a.m.k. næstu 12 mánaða. Þá kom fram í bréfinu að ef stefndi gæti ekki gert tilboð í endurnýjun váttryggingarinnar hygðist stefnandi nýta sér rétt sinn til að kaupa 36 mánaða viðbóartilkyningafrest í samræmi við váttryggingarskilmálana. Þóroddur Sigfússon, starfsmaður stefnda, staðfesti móttöku bréfsins samdægurs með tölvupósti og kom fram að hann hefði framsent bréf stefnanda til Howden Insurance Brokers tryggingamiðlunarinnar. Hinn 6. maí 2009 sendi Þóroddur starfsmanni stefnanda tölvupóst þar sem fram kom að til þess að endurtryggjendur gætu gert stefnanda tilboð í endurnýjun tryggingarinnar þyrfti að liggja fyrir útfyllt og undirrituð umsókn og ársreikningur eða aðrar upplýsingar um efnahag stefnanda. Sendi Þóroddur umsóknina sem viðhengi með tölvupóstinum. Í málinu liggja jafnframt frammi fleiri tölvupóstar Þórodds til starfsmanna stefnda varðandi endurnýjun tryggingarinnar árið 2009. Í tölvupósti, dagsettum 8. maí, kemur fram að Þóroddur geri ráð fyrir að þeir séu að vinna í þessum málum og biður um að haft verði samband séu einhverjar spurningar varðandi umsóknina eða annað. Í tölvupósti 21. maí, kemur fram að Þóroddur hafi ekki tekið við neinum gögnum frá stefnanda og spyr hvort enn sé verið að vinna í að safna saman umbeðnum upplýsingum. Í svarpósti Páls síðar sama dag, kemur fram að hann sé að gera sitt besta til að ná utan um þetta. Óskar hann jafnframt eftir afriti af síðustu umsókn stefnanda o.fl. Voru stefnanda send umbeðin gögn. Í tölvupósti 25. maí kemur fram að starfsmaður Howden tryggingamiðlunarinnar hafi beðið Þórodd um að kanna hvort stefnandi hygðist leggja fram þær upplýsingar sem óskað hefði verið eftir, a.m.k. þær upplýsingar sem stefnandi gæti veitt á þessu stigi. Í tölvupósti Þórodds 29. sama mánaðar kemur m.a. fram að enn sé staða málsins óljós. Fram hafi komið

að leiðandi endurbyggjendur hafi gefið til kynna að þeir myndu mögulega hugleiða að gera tilboð í endurnýjun en það yrði einungis gegn því að stefnandi veitti upplýsingar til þess. Stefnanda hefðu ekki borist slíkar upplýsingar og þ.a.l. hefði ekki verið tekin frekari afstaða til málsins. Í tölvupósti til Páls 9. júní ítrekar Þóroddur að Páll hefði ætlað að vera í sambandi við hann vegna umsóknareyðublaðsins og hvetur hann til að hafa samband séu einhverjar spurningar. Í tölvupóstum til Páls frá 18. júní spyr Þóroddur hvort málið sé enn í vinnslu hjá stefnanda. Í tölvupósti til Páls daginn eftir spyr Þóroddur hvort málið sé enn á dagskrá, þ.e. hvort stefnandi hygðist skila inn umsókn og fjárhagsupplýsingum. Frekari samskipti áttu sér stað milli aðila í júní og júlí 2009 varðandi trygginguna. Í tölvupósti sem Þóroddur sendi Páli 30. júní spyr hann hvort stefnandi sé búinn að taka afstöðu til „tilboðs/indication í D & O tryggingu frá erlendu brokerunum sem þú nefndir við mig í síma í síðustu viku?“. Þóroddur kveðst hafa nefnt þetta við starfsmann Howden tryggingamiðlunarinnar sem taldi sig mögulega geta boðið hagstæðari kjör. Hinn 7. júlí sendir Þóroddur Páli tölvupóst þar sem hann spyr hvort Páll hafi íhugað skilaboð hans frá síðustu viku. Páll svarar Þórhalli daginn eftir með tölvupósti þar sem fram kemur að stefnandi hefði ákveðið að taka tilboði frá United Insurance Brokers. Nánar tiltekið segir í bréfi Páls: *The Resolution Committee decided to accept the offer set-forth by UIB. The window for decision was short and since we had not had a response from our previous insurer it was decided to go with this proposal.*

Þegar horft er til framangreindra samskipta málsaðila verður að fallast á það með stefnda að ekki sé uppfyllt það skilyrði ákvæðis A.3 í III. kafla váttryggingarskilmálanna að stefndi hafi *neitað* að bjóða endurnýjun á skilmálum og skilyrðum stjórnendatryggingar stefnanda. Ekki er unnt að fallast á þá málsástæðu stefnanda að þegar ákvæði A3 og A4, séu lesin saman sé ljóst að ákvæði A3 leggi þá skyldu á herðar váttryggjanda að taka afstöðu til fram kominnar beiðni um endurnýjun váttryggingar innan þeirra tímamarka sem tilgreind séu í ákvæði A4 eða að beiðni stefnanda um endurnýjun tryggingarinnar hafi í raun verið hafnað af stefnda. Að mati dómsins hefði stefnanda verið í lófa lagið að senda stefnda umsókn um trygginguna og önnur gögn, eftir því sem við átti, til þess að stefnda væri fært að taka afstöðu til beiðni stefnanda um endurnýjun tryggingarinnar. Það gerði stefnandi ekki og verður hann að bera hallann af því. Þótt stefnandi væri í slitameðferð verður ekki séð að það geti afsakað að hann afhenti stefnda ekki umsókn eða upplýsingar um fjárhag sinn, eins og stefndi óskaði eftir, eftir því sem stefnanda var unnt, enda bar stefnandi aldrei fyrir sig í samskiptum aðila vegna endurnýjunar tryggingarinnar vorið 2009 að honum væri það ómögulegt. Þá virðist sem stefnandi hafi unnið að því að kaupa tryggingu annars staðar á sama tíma og málsaðilar voru í samskiptum. Þar sem neitun stefnda á að bjóða stefnanda endurnýjun er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að réttur stofnist til handa stefnanda til að kaupa viðbótartilkynningafrest verður að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

Stefnandi gerir, í þessum þætti málsins, til vara þá kröfu að viðurkennt verði að skilyrði greinar A.2 í III. kafla váttryggingarskilmála stefnanda, sem ber heitið Directors' and Officers' Liability Insurance til kaupa á 12 mánaða viðbótarfresti séu uppfyllt. Í ákvæðinu er kveðið á um það að ef félagið og stjórnarmenn og yfirmenn neiti boði um að endurnýja váttrygginguna skuli þeir eiga rétt á að kaupa 12 mánaða tilkynningafrest eftir að váttryggingartíma lýkur. Varakröfu þessa setti stefnandi fyrst fram í þinghaldi hinn 1. febrúar sl. vegna skiptingar sakarefnisins.

Stefndi mótmælir varakröfunni og krefst þess aðallega að henni verði vísað frá dómi. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að varakrafan rúmist innan aðalkröfu hans. Dómurinn getur ekki fallist á það. Þótt tími viðbótartilkynningafrests sé styttri en í aðalkröfu þá byggist varakrafan á annarri málsástæðu en aðalkrafan. Verður því ekki séð að hún rúmist innan aðalkröfunnar. Þvert á móti hefur stefnandi mótað nýja kröfu í málinu. Hefði stefnanda mögulega verið unnt, teldi hann greinargerð stefnda, sem lögð var fram 22. september 2011, gefa tilefni til þess, að auka við kröfur sínar með framhaldsstefnu, sbr. 29. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en það gerði hann ekki. Er varakröfu stefnanda því vísað frá dómi.

Í samræmi við þessa niðurstöðu, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 2.000.000 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur.

Dóminn kvað upp Kolbrún Sævarsdóttir, héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð

Varakröfu stefnanda, Glitnis hf., er vísað frá dómi.

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., er sýknaður af aðalkröfu stefnanda.

Stefnandi greiði stefnda 2.000.000 kr. í málskostnað.

Kolbrún Sævardóttir